

# **Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda**

**Ársreikningur 2020**

**Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda**

Austurströnd 3  
170 Seltjarnarnesi  
620976-0169

## **Efnisyfirlit**

**bls.**

Skýrsla stjórnar .....	<b>2 - 6</b>
Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	<b>7</b>
Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings .....	<b>8</b>
Rekstrarreikningur .....	<b>9</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>10</b>
Reikningsskilaaðferðir .....	<b>11</b>
Skýringar .....	<b>12 - 15</b>

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra SFH

## 1.0 Lagagrundvöllur SFH

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH) var stofnað árið 1973 eða fyrir 48 árum. Tilgangurinn með stofnun samtakanna var að innheimta fyrir hönd flytjenda og framleiðenda tónlistar fyrir opinbera spilun tónlistar af útgefnum hljóðritum. Var hér um að ræða notkun tónlistar í fjölmiðlum og á opinberum vettvangi svo sem á veitingastöðum, í verslunum, líkamsræktarstöðvum og víðar.

SFH semur beint við fjölmiðlafyrirtæki, en í gildi er verðskrá fyrir flutning af hljóðritum utan útvarps, sem STEF hefur annast innheimtu á fyrir SFH samkvæmt sérstöku samkomulagi.

SFH er aðili að IHM, innheimtusamtökum rétthafa og fær hlutdeild af bótum sem renna til rétthafasamtaka höfunda, flytjenda og framleiðenda vegna eintakagerðar til einkanota.

SFH er einnig ásamt STEFi stofnandi SAMTÓNs sem er samstarfsvettvangur tónlistarrétthafa og annast m.a. Dag íslenskrar tónlistar og Íslensku tónlistarverðlaunin. SFH á einnig gegnum SAMTÓN aðild að stjórn Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar og rétt til að skipa einstaklinga í stjórn Tónlistarsjóðs og Hljóðritasjóðs.

## 2.0 Núverandi stjórn

Stjórnarmenn SFH eru kjörnir til tveggja ára. Á aðalfundi SFH þann 16. júní 2019 var stjórnarmönnum fækkað úr 10 í 6. Kjörtímabil er 2 ár. Á aðalfundinum í ár mun því kjörin ný stjórn.

Formaður 2019 var kjörinn Ásmundur Jónsson og varaformaður Gunnar Hrafnsson.

Meðstjórnendur voru kjörnir :

### Flytjendadeild

Róbert Þórhallsson (FÍH)  
Hrafnhildur Theodórsdóttir (FÍL)

### Framleiðendadeild (FHF)

Sölvi Blöndal  
Haraldur Leví Gunnarsson

Á aðalfundinum var jafnframt Björn Th. Árnason kjörinn félagskjörinn skoðunarmaður reikninga og Endurskoðunarfirmað Price Waterhouse Cooper kjörið endurskoðunarfirma samtakanna.

## 3.0 Fjárhagur 2020

Rekstur SFH árið 2020 bar nokkurn keim af covidfaraldrinum, en samdráttur varð í tekjum utan útvarps þar sem margir veitingastaðir og önnur fyrirtæki sem notuðu tónlist í sinni starfsemi drógu úr eða hættu rekstri.

Nú standa yfir viðræður við RÚV, Sýn og K100 um hækkun á þóknun til SFH. Stefnt er að því að klára samningsgerð á þessu ári.

## Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra SFH

### 4.0 Ný lög um umsýslu höfundarréttar

Eins og kunnugt er voru í júní 2019 samþykkt lög nr. 88/2019 um sameiginlega umsýslustofnun höfundarréttar. Þau tóku gildi 1. janúar 2020.

Með lögunum var innleidd tilskipun Evrópuþingsins um sameiginlega umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda og leyfisveitingar yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum á innri markaðnum

Markmið laganna er að setja samræmdar reglur um starfshætti rétthafasamtaka eins og SFH, STEFs, IHM, Fjölís og Rithöfundasambands Íslands, sem teljast sameiginlegar umsýslustofnanir, með því að setja reglur um stjórnarhætti, gagnsæi starfsreglna og fjármálaskipulag þeirra.

Fram kemur í athugasemdum með lögunum að reglurnar eiga að tryggja viðeigandi þátttöku rétthafa í ákvarðanaferli sameiginlegra umsýslustofnana og upplýsingaflæði til rétthafa, annarra rétthafasamtaka, þjónustuveitenda og alls almennings. Þá eiga reglurnar að tryggja að umsýsla tekna sem sameiginlegar umsýslustofnanir innheimta fyrir hönd rétthafa sé í samræmi við lög.

Áður hafa verið kynnt drög að breytingum á samþykktum SFH vegna þessarar lagasetningar. Framkvæmdastjórn hefur unnið þessi drög með hliðsjón af samþykktum breytingum á samþykktum hjá IHM og FHF, en nokkrir framkvæmdastjórnarmanna hafa tekið þátt í þeirri vinnu. Fyrir aðalfundi nú liggur tillaga að breytingum á samþykktum SFH sem uppfylla á skilyrði framangreindra laga um sameiginlega umsýslu höfundarréttar nr. 88/2019.

### 5.0 Samstarf við GRAMEX og önnur erlend innheimtusamtök.

Veigamikill hluti af starfsemi SFH felst í því að annast innheimtu og hagsmunagæslu fyrir erlenda flytjendur og hljómplötuframleiðendur. Flytjendadeild SFH hefur gert fjölmarga gagnkvæma samninga við erlend systursamtök. Framkvæmdastjórnar systursamtaka á Norðurlöndum hittast reglulega, en þau eru: GRAMEX í Danmörku og Finnlandi, GRAMO í Noregi, SAMI í Svíþjóð (flytjendasamtök) og IFPI í Svíþjóð (framleiðendasamtök). Fundir þessir eru mjög gagnlegir og upplýsandi þar sem helstu mál viðkomandi landa eru rædd, framkvæmd hjá hverju landi útlistuð og ný viðhorf kynnt.

Eins og kunnugt er gerði flytjendadeild SFH samkomulag við GRAMEX Danmörku um að annast útreikning á erlendum hluta úthlutunar, sem byggðist á upplýsingum frá útvarpsstöðvum hérlendis. Sá samningur hefur nú runnið sitt skeið og nú standa yfir viðræður við bresk systursamtök okkar PPL um að annast þessi mál bæði fyrir flytjendadeild og framleiðendadeild.

Í gildi er ráðgjafasamningur við Kaj Christiansen varðandi erlenda úthlutun, en hann var um langt árabíl yfirmaður þeirrar deildar GRAMEX í Danmörku sem annast úthlutanir til rétthafa erlendis.

Flytjendadeild SFH er með aðild að SCAPR, alþjóðasamtökum flytjendasamtaka sem árlega heldur fulltrúaráðsfundi sem framkvæmdastjóri SFH sækir auk árlegra PRC (Performance Right Committee) funda sem haldnir er fyrir sameiginleg innheimtusamtök flytjenda og framleiðenda á vegum IFPI, alþjóðasamtaka hljómplötuframleiðenda. Eins og sést af ársreikningum hafa engir fundir verið haldnir erlendis á síðasta ári, en allmargir fjárfundir hafa átt sér stað bæði meðal norrænna framkvæmdastjóra, SCAPR og PRC.

## Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra SFH

### 6.0 SAMTÓNN

#### 6.1 Íslensku tónlistarverðlaunin 2020

Íslensku tónlistarverðlaunin fóru fram í Hörpu 17. apríl sl., en þeim var sjónvarpað beint eins og undanfarin ár. Fullyrða má að uppskera síðasta árs hafi verið með besta móti, þrátt fyrir fordæmalausa tíð.

Þetta árið var ekki krafið um innsendingargjöld. Það bar aldeilis árangur varðandi þátttöku því öll met voru slegin í innsendingum. Alls bárust 1200 innsendingar í formi platna, tónverka, viðburða, einstaklingsverðlauna, myndbanda og hönnunar.

Vegna covidsamkomubanns voru engir áhorfendur í sal og verðlaunahafar komu daginn fyrir útsendingu í Hörpu í sérstaka upptöku þar sem verðlaun voru afhent að undanskildum heiðursverðlaunum sem afhent voru af mennta- og menningarmálaráðherra í beinni útsendingu, en þau hlutu hljómsveitin Sigur Rós.

Uppsafnað áhorf var um 27,7% uppsafnað áhorf, sem þykir mjög gott, en þess má geta að meðaláhorf er um 25,5% á fréttatíma RÚV. Eins og sést af þátttöku var um mikla endurnýjun að ræða bæði á tónlist og tónlistarmönnum og þannig sést skýrt að mikil gróska einkennir íslenskt tónlistarlíf á öllum sviðum þess.

Umsjón með framkvæmd tónlistarverðlaunanna var á herðum framkvæmdastjórans Kristjáns Freys Halldórssonar, sem stóð í ströngu og tókst vel að koma að lokum öllu heim og saman, en breyta þurfti dagsetningu verðlaunanna oftar en einu sinni.

Ánægjulegustu tíðindin voru þau að undirritaður var samstarfssamningur við NOVA sem hljóðaði upp á 5 milljónir króna. Lengi hefur staðið til af hálfu SAMTÓNna að fá stuðningsaðila að verðlaununum sem nú tókst að lokum.

#### 6.2 Dagur íslenskrar tónlistar (DÍT)

Viðburðurinn var haldinn þann 1. desember 2020.

Flutt voru þrjú sérvalin lög, sem send voru út í beinni útsendingu á Rás 1 og Rás 2 ásamt vef- og

Tilgangurinn dagsins er að vekja athygli á íslenskri tónlist og fá sem flesta til að syngja með ekki síst yngstu kynslóðina bæði í skólum og leikskólum, en oft hefur tekist ágætt samstarf við leikskóla um þá framkvæmd.

Dagur íslenskrar tónlistar fer fram árlega á vegum SAMTÓNna. Þar eru þeim ennfremur veitt verðlaun sem skarað hafa fram úr í umfjöllun, dagskrárgerð eða almennum stuðningi við íslenska tónlist.

Heiðursverðlaunina að þessu sinni hlaut Jónatan Garðarsson fyrir framúrskarandi starf í þágu íslenskrar tónlistar um áratugaskeið. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hlaut hvatningarverðlaunin og Sjónvarp Símans hlaut viðurkenningu fyrir aukna innlenda dagskrárgerð, miðlun tónlistar í samkomubanni og atfylgi við íslenska tónlist í sjónvarpi. Loks hlaut Íslenska Bylgjan, nýsköpunarverðlaun Dags íslenskrar tónlistar en þessi nýtilkomna útvarpsstöð leikur eingöngu íslenska tónlist.

## Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra SFH

### 6.3 ÚTÓN

ÚTÓN er markaðs- og kynningarskrifstofa fyrir íslenska tónlist með fjölpætta starfsemi sem miðar að því að aðstoða íslenskt tónlistarfólk og framleiðendur að komast á alþjóðamarkað.

Helstu verkefni Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar eru að:

- Kynna íslenska tónlistargeirann og tónlistarfólk alþjóðlega.
- Koma útgáfum með íslenskri tónlist á framfæri (með spilunarlistum).
- Vekja athygli á íslenskum tónlistarhátíðum og tónlistarviðburðum.
- Starfrækja 2 heimasíður, samfélagsmiðla og netfréttabréf.
- Efla útflutningshæfni íslenskra tónlistarmanna og fyrirtækja sem starfa í geiranum.
- Sinna almennri ráðgjöf og aðstoð við tengslamyndun.
- Styrkja samstarf við hliðstæðar útflutningsskrifstofur erlendis, einkum á Norðurlöndum.

ÚTÓN rekur tvær heimasíður. Önnur þeirra er [www.uton.is](http://www.uton.is) sem einkum er ætluð íslensku tónlistarfólki og tónlistargeiranum.

Á henni er að finna upplýsingar um ýmislegt tengt útflutningi tónlistar, umsóknarfresti á viðskiptasinnaðar tónlistarhátíðir (showcase festivals), upplýsingar um styrki o.s.frv.

Hin þeirra er [www.icelandmusic.is](http://www.icelandmusic.is) sem er á ensku og miðar að því að kynna út á við íslenska tónlist, tónlistarmenn, plötuútgáfur, tónlistarhátíðir, tónleika erlendis, svo dæmi séu tekin.

Starfsemin árið 2020 einkenndist að miklu leyti að því að aðlaga sig breyttum aðstæðum og búa í haginn fyrir öflugri innkomu á alþjóðamarkað í kjölfar Covid 19. Í því sambandi var gerð vönduð skýrsla um áhrif Covid 19 á íslenskt tónlistarsamfélag og unnið í samskiptum við stjórnvöld um viðbrögð við faraldrinum auk þess að ná saman þeim aðilum sem að íslenska tónlistarsamfélaginu standa til að bregðast við.

Einn hluti þess var fræðslusíðan [tonatal.is](http://tonatal.is) sem eykur skilning á grunngildum í tónlistarumhverfinu t.a.m. skráningu laga og upplýsingar um réttindi og skyldur og hefur það að markmiði að uppræða tónlistarverkefni með þeim aðferðum sem skila arangri í dag, s.s. myndböndum og hlaðvörpum

## Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra SFH

### 7.0 IHM

Eins og kunnugt er var í október 2016 samþykkt breyting á 11. grein höfundalaga sem m.a. fólst í svokölluðu IHM gjaldi, en þar var lögfest bótakrafa höfunda, flytjenda og framleiðenda vegna eintakagerðar til einkanota á verkum þeirra.

Með lögnum var eldra fyrirkomulagi varpað fyrir róða og bæturnar til réttahafta vegna eintakagerðarinnar greiddar úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun í fjárlögum hvers árs.

Aðildarfélög IHM eru alls 10, þ.e.: SFH, STEF, RSÍ (Rithöfundasamband Íslands), Hagþenkir (Félag höfunda fræðirita og kennslugagna), BÍ (Blaðamannafélag Íslands), SKL (Samtök kvikmyndaleikstjóra), SÍK (Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda), FK (Félag kvikmyndagerðamanna), Myndstef, Félag leikstjóra á Íslandi og Félag leikskálda og handritshöfunda. Samtökin eru 12 ef FHF, FÍH og FÍL eru talin sérstaklega.

SFH er stærsta aðildarfélag IHM með aðildarfélögin FHF, FÍH og FÍL innan sinna raða. Fulltrúar SFH í stjórn IHM eru 3 af 9 stjórnarmönnum.

Leiðin að sáttum varðandi skiptingu bóta hefur reynst torsótt. Hingað til hafa höfundasamtökin 8 fengið yfir 50% tekna, en nú er það krafa bæði flytjenda- og framleiðendafélaga að færa hlut höfundafélaga niður í 33,3% og flytjendur og framleiðendur fengu því sama hlutfall, eða 33,3% hvorir fyrir sig. Í dag er staðan sú að enn hefur ekki náðst samkomulag um skiptingu bótagreiðslunnar milli þessara þriggja réttahafahópa, þ.e. höfunda, flytjenda og framleiðenda.

Ákveðið var fyrr á árinu að fá sáttasemjara til að reyna að ná sáttum milli aðildarféлага. Fyrir valinu varð Viðar Már Matthíasson fyrrverandi hæstaréttardómari. Kom hann með sáttatillögu þann 27. mars sl.. Þar lagði hann til að aðildarfélög SFH fengju samtals 27% af heildinni, en í dag er hlutur aðildarféлага SFH um 34%, en krafa SFH vegna FHF, FÍL og FÍH er um 42%. Í samþykktum IHM segir að samþykki 2/3 hlutar aðildarsamtakanna tillögu sáttasemjara teljist hún skuldbindandi fyrir öll samtökin. Á stjórnarfundum IHM þann 6. maí sl. var tillaga sáttasemjara borin upp til atkvæða og höfðu 5 aðildarfélög (SFH, STEF, SKL, SÍK og BÍ) sáttatillögunni en 4 félög (FK, Myndstef, FLÍ og Hagþenkir) samþykktu. RSÍ og Félag leikskálda og handritshöfunda sátu hjá.

Ljóst er að þessum ágreiningi verður skotið til gerðardóms náist ekki samkomulag fljótlega. Ef ekki næst samkomulag fyrir lok þessa árs er líklegast að hluta bótafjárhæðarinnar verði úthlutað með fyrirvara til aðildarféлага eins og gert var á síðasta ári í stað þess að láta heildarfjárhæðina liggja óhreyfða á bankareikningi.

### 8.0 Hljodrit.is, heimasíða SFH og aukið starfshlutfall starfsmanns SFH

Búið er að klára uppsetningu á netsvæðinu hljodrit.is. Með því er tryggt að léttara verður að skrá sig inn og fá ISR(C) kóða fyrir hvert útgefið hljóðrit. Kristinn Evertsson á veg og vanda að því að fullgera þetta verkefni.

Hann var ráðinn í upphafi árs tímabundið í fullt starf til þess m.a. að annast hugbúnaðarþróun, hljodrit.is, umsjón með innskráningum, vinnslu spilanaskýrsla frá útvarpsstöðvum, útreikning á úthlutun til flytjenda og þjónustu við framleiðendur og uppfærslu heimasíðu.

Útliti heimasíðu SFH var breytt og er þar nú að finna mun ítarlegri upplýsingar um SFH en áður hefur verið.

Reykjavík, 26. maí 2021

Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri

## Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með áritun sinni.

Reykjavík, 26. maí 2021

**Stjórn**

**Framkvæmdastjóri**

## Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

### Til stjórnar Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda SFH fyrir árið 2020 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við höfum fylgt fyrirmælum síðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 26. maí 2021

### **PricewaterhouseCoopers ehf**

Atli Þór Jóhannsson

Ég undirritaður félagskjörinn endurskoðandi hef yfirfarið ársreikning þennan fyrir Samtök flytjenda og hljómplötuframleiðendur fyrir árið 2020 og ekkert fundið athugavert.

Ég legg til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík, 26. maí 2021

## Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýringar	31.12.2020	31.12.2019
<b>Rekstrartekjur</b>			
Flutningur tónverka .....	2	202.044.755	232.842.229
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	3	21.643.216	23.036.997
Aðkeypt þjónusta .....	4	18.305.958	24.164.522
Fundir .....	5	605.487	1.298.094
Annar rekstrarkostnaður .....	6	17.309.356	21.883.918
Sérgreindur kostnaður .....	7	3.035.188	4.093.825
		<u>60.899.204</u>	<u>74.477.356</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		141.145.551	158.364.873
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		188.594	1.307.724
Vaxtagjöld .....		<u>(49.921)</u>	<u>(123.008)</u>
		138.673	1.184.716
<b>Hagnaður ársins</b>	8	<u><u>141.284.224</u></u>	<u><u>159.549.589</u></u>
<i>Hagnaður ársins sundurliðast þannig:</i>			
Hlutur framleiðendaeildar .....		70.664.069	79.270.874
Hlutur flytjendaeildar .....		68.791.848	75.877.005
Lagt í varasjóð .....		<u>1.828.308</u>	<u>4.401.712</u>
		141.284.224	159.549.589

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýringar	31.12.2020	31.12.2019
<b>Veltufjármunir</b>			
Óinnheimtar skammtímakröfur .....	8	191.798.713	189.959.105
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	9	85.410	95.397
Handbært fé .....	10	152.477.937	113.302.708
		<u>344.362.060</u>	<u>303.357.210</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>344.362.060</u>	<u>303.357.210</u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	11	700.000	700.000
Varasjóður .....		43.678.766	41.850.458
		<u>44.378.766</u>	<u>42.550.458</u>
 <b>Vörslufé</b>			
Úthlutunarsjóður flytjendadeildar .....	13	220.277.859	190.472.801
Úthlutunarsjóður framleiðendadeildar .....	14	44.310.932	65.098.563
		<u>264.588.790</u>	<u>255.571.365</u>
 <b>Skammtímaskuldir</b>			
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	15	997.024	740.969
Viðskiptaskuldir .....	16	34.397.480	4.494.420
		<u>35.394.504</u>	<u>5.235.389</u>
<b>Skuldir samtals</b>		299.983.294	260.806.754
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>344.362.060</u>	<u>303.357.210</u>

# Reikningsskilaaðferðir

## 1. Almennar upplýsingar

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH) var stofnað fyrir 46 árum eða árið 1973. Megintilgangurinn með stofnun samtakanna var að innheimta fyrir opinbera spilun tónlistar af hljóðritum fyrir flytjendur og framleiðendur. Er þá bæði átt við notkun tónlistar í fjölmiðlum og á opinberum vettvangi svo sem á veitingastöðum, í verslunum, líkamsræktarstöðvum og víðar.

Samtökin SFH er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Austurströnd 3, 170 Seltjarnarnesi.

### 1.1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

### 1.2. Innlausn tekna

Tekjur útvarpsstöðva fyrir notkun á íslenskum markaðshljóðritum fyrir árið 2020 eru tekjufærðar í samræmi við samninga þar að lútandi.

Tekjur utan útvarpsstöðva eru byggðar á gjaldskrá SFH og samningum við einstaka notendur.

### 1.3. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi samanstendur af bankareikningum.

### 1.4. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé er upphaflegt stofnfé sem skiptist jafnt á milli flytjenda og framleiðendaeildarinnar.

Lagt er í varasjóð 7% af sameiginlegum hagnaði ársins ár hvert. Sjóðurinn samanstendur alltaf af framlagi síðustu 4 ára samanlagt.

## Skýringar

	2020	2019
<b>2. Flutningur tónverka</b>		
<b>Útvarps- og sjónvarpsstöðvar</b>		
Ríkisútvarpið .....	47.000.000	46.200.000
Sýn .....	50.693.800	49.686.996
K100 Árvakur hf. ....	2.350.000	2.179.404
247 ehf. ....	1.800.000	1.200.000
Lindin .....	480.000	480.000
	<u>102.323.800</u>	<u>99.746.400</u>
<b>Opinber flutningur utan útvarps- og sjónvarpsstöðva</b>		
STEF .....	75.359.304	104.751.207
	<u>75.359.304</u>	<u>104.751.207</u>
<b>Aðrar tekjur</b>		
IHM .....	24.361.651	28.344.622
	<u>202.044.755</u>	<u>232.842.229</u>
<b>3. Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun .....	16.956.468	16.419.968
Stjórnar og starfslaun .....	2.577.000	2.762.500
Bífræðistyrkir .....	297.612	297.612
Dagpeningar og ferðastyrkir .....	46.034	1.499.072
Tryggingagjald .....	1.249.602	1.242.686
Lífeyrissjóðstillag .....	2.207.222	2.111.129
Önnur launatengd gjöld .....	247.555	26.715
Fært á skráningu flytjenda .....	(1.938.278)	(1.322.685)
	<u>21.643.216</u>	<u>23.036.997</u>
<b>4. Aðkeypt þjónusta</b>		
Innheimtupóknun .....	15.554.853	22.960.761
Sérfræðiþjónusta .....	1.472.888	0
Bókhald og endurskoðun .....	1.278.217	1.203.761
	<u>18.305.958</u>	<u>24.164.522</u>
<b>5. Fundir</b>		
Stjórnarfundir og aðrir fundir .....	605.487	1.086.702
Gjafir og styrkir .....	0	211.392
	<u>605.487</u>	<u>1.298.094</u>

## Skýringar

6. Annar rekstrarkostnaður	2020	2019
Íslensku tónlistarverðlaunin .....	8.942.938	8.765.677
Dagur Íslenskrar tónlistar .....	361.270	2.242.001
Húsnæðiskostnaður .....	1.080.000	1.740.000
Þjónustukostnaður FÍH .....	0	1.230.000
Ferðakostnaður .....	233.376	2.005.829
Aðkeyptur akstur .....	28.440	80.500
Sími og burðargjöld .....	378.107	570.698
Ritföng, prentun o.fl. ....	0	15.864
Auglýsingar .....	174.394	0
Rekstur tölvukerfis .....	1.501.404	936.366
Gjaldfærð áhöld og tæki .....	481.400	337.746
Hugbúnaður .....	0	325.000
Skráning ISRC .....	18.690	508.400
Útflutningssskrifstofa tónlistarinnar .....	1.916.667	1.666.667
Styrkur vegna Tónlistarhraðals .....	0	500.000
Styrkur vegna Masterteipssafn .....	1.001.380	0
Samtónn hlutdeild í sameiginlegum kostnaði .....	1.024.564	663.930
Annar kostnaður .....	166.726	295.240
	<u>17.309.356</u>	<u>21.883.918</u>

## 7. Sérgreindur kostnaður

### Sérgreindur kostnaður Flytjendadeildar

Kostn. v. SCAPR .....	1.096.910	1.054.548
Sérgreindur kostnaður við skráningu flytjenda .....	0	1.872.685
70% af kostnaði við skráningu flytjenda .....	1.356.794	816.614
	<u>2.453.704</u>	<u>3.743.847</u>

### Sérgreindur kostnaður Framleiðendadeildar

30% af kostnaði við skráningu flytjenda .....	581.483	349.978
---	---------	---------

### Sérgreindur kostnaður alls

	<u>3.035.188</u>	<u>4.093.825</u>
--	------------------	------------------

## 8. Skipting tekna og gjalda milli deilda

### Hagnaður til skiptingar milli deildanna

Sameiginlegar tekjur .....	202.044.755	232.842.229
Sameiginleg gjöld .....	(57.864.017)	(70.383.531)
Sameiginlegir fjármagsliðir .....	138.673	1.184.716
Hagnaður af sameiginlegum þáttum .....	144.319.412	163.643.414
7% hagnaðar lagt í varasjóð .....	(10.102.359)	(11.455.039)
Hagnaður til skiptingar milli deildanna .....	<u>134.217.053</u>	<u>152.188.375</u>

### Framleiðendadeild

Helmingur af hagnaði af sameiginlegum þáttum .....	67.108.526	76.094.188
Helmingur af innleystum varasjóð .....	4.137.026	3.526.664
Sérgreindur kostnaður deildarinnar .....	(581.483)	(349.978)
Hlutur framleiðendadeildar í hagnaði ársins .....	<u>70.664.069</u>	<u>79.270.874</u>

### Flytjendadeild

Helmingur af hagnaði af sameiginlegum þáttum .....	67.108.526	76.094.188
Helmingur af innleystum varasjóð .....	4.137.026	3.526.664
Sérgreindur kostnaður deildarinnar .....	(2.453.704)	(3.743.847)
Hlutur flytjendadeildar í hagnaði ársins .....	<u>68.791.848</u>	<u>75.877.005</u>

## Skýringar

8. Óinnheimtar skammtímakröfur	2020	2019
STEF .....	0	3.995.881
Samtónn .....	0	2.672.430
Sýn ehf - 365 Ljósvakamiðlar .....	111.785.018	95.248.776
Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur .....	3.893.362	3.893.362
Hans Kristjánsson .....	107.959	107.959
Útvarpsstöðin Lindin .....	1.560.000	1.080.000
RÚV .....	56.643.567	69.143.567
247 ehf .....	11.100.000	9.300.000
K100 Árvakur hf .....	4.529.404	2.179.404
Síminn hf. ....	2.179.404	2.216.480
Sami .....	0	121.246
	<u>191.798.713</u>	<u>189.959.105</u>

Engin niðurfærsla er færð á móti óinnheimtum skammtímakröfum

## 9. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreidd laun .....	85.410	95.397
	<u>85.410</u>	<u>95.397</u>

## 10. Handbært fé

Íslandsbanki hf. reikningur nr. 102250 .....	20.730	20.692
Íslandsbanki hf, reikningur nr. 508833 .....	2.447.956	2.965.296
Íslandsbanki hf, reikningur nr. 112358 .....	10.353.139	10.334.107
Íslandsbanki hf, tékkar. nr. 8833 .....	139.656.112	99.982.613
	<u>152.477.937</u>	<u>113.302.708</u>

## 11. Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað frá fyrra ári .....	700.000	700.000
Hagnaður skv. rekstrarreikningi .....	141.284.224	159.549.589
Innleyst úr varasjóð vegna tekna 2016 .....	8.274.051	7.053.327
7% hagnaðar lagður í varasjóð .....	(10.102.359)	(11.455.039)
	<u>140.155.916</u>	<u>155.847.877</u>
Ráðstafað til framleiðendadeildar .....	(70.664.069)	(79.270.874)
Ráðstafað til flytjendadeildar .....	(68.791.848)	(75.877.003)
	<u>700.000</u>	<u>700.000</u>

## 12. Varasjóður

Yfirfært f.f.ári .....	41.850.458	37.448.746
Lagt í varasjóð .....	10.102.359	11.455.039
Innleyst af varasjóð ársins 2016 .....	(8.274.051)	(7.053.327)
	<u>43.678.766</u>	<u>41.850.458</u>

## Skýringar

### 13. Úthlutunarsjóður flytjendadeildar

Staðan 1/1 .....	190.472.801	173.956.737
Úthlutun skv. ákvörðun aðalfundar .....	68.791.848	75.877.003
Greiðslur erlendis frá vegna innlendra flytjenda .....	499.240	3.755.915
Greiðslur til innlendra flytjenda .....	(31.062.028)	(54.731.648)
Greiðslur til erlendra flytjenda .....	(8.424.002)	(8.385.206)
	<u>220.277.859</u>	<u>190.472.801</u>

### 14. Úthlutunarsjóður framleiðendadeildar

	2020	2019
Staðan 1/1 .....	65.098.563	42.964.968
Úthlutun skv. ákvörðun aðalfundar .....	70.664.069	79.270.874
Greiðslur til framleiðenda .....	(91.451.700)	(57.137.279)
	<u>44.310.932</u>	<u>65.098.563</u>

### 15. Ógreidd laun og launatengd gjöld

Ógreiddur lífeyrissjóður .....	263.803	253.512
Ógreidd staðgreiðsla .....	733.221	390.886
Ógreitt tryggingargjald .....	0	96.571
	<u>997.024</u>	<u>740.969</u>

### 16. Viðskiptaskuldir

STEF .....	20.707.933	0
Ógreitt til erlendra flytjenda .....	8.424.002	0
Samtónn .....	1.468.717	0
Greiðslukort .....	91.428	224.127
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur vegna flytjenda .....	3.632.342	0
Lánadrottnar .....	73.058	4.270.293
	<u>34.397.480</u>	<u>4.494.420</u>